

Ed.

442. Nefndarálit

[67. mál]

um frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eftir föngum og aflað sér umsagna um það frá ríkisskattstjóra, félagi löggiltra endurskoðenda, Verzlunarráði Íslands og Sambandi isl. sveitarfélaga. Einnig kvaddi nefndin höfunda frumvarpsins á sinn fund og rökræddi við þá um efni frumvarpsins. Nefndarmenn voru sammála um nauðsyn nýrrar bókhaldslöggjafar og mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt með tilteknum breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja nýjar breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 11. gr. 1. mgr. hljóði svo:  
Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.
2. Aftan við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:  
Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.
3. 23. gr. falli niður, og breytist greinatalan í samræmi við það.
4. 27. gr. (verður 26. gr.) hljóði svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 62 frá 1938.

Alþingi, 25. marz 1968.

Jón Þorsteinsson,  
form., frsm.  
Karl Guðjónsson.

Ólafur Björnsson,  
fundaskr.  
Björn Fr. Björnsson.  
Sveinn Guðmundsson.

Auður Auðuns.  
Einar Ágústsson.